

Sparnaðarlíftrygging – Vátryggingaskilmálar P1

HUGTAKA- OG ORÐASKILGREININGAR
Félagið: Merkir Sjóvá-Almennar
líftryggingar hf.

Vátryggingartaki: Sá er gert hefur samning um vátrygginguna við félagið og er jafnframt greiðandi iðgjalds. Váryggður: Sá aðili sem vátryggingar- atburður nær til. Hann telst einnig vátryggingartaki.

Rétthafi: Sá sem á rétt á bótum við andlát hins vátryggða.

Samningur: Er það samkomulag sem gert er milli félagsins og vátryggingar- taka um Sparnaðarlíftrygginguna. Uppgreidd vátrygging: Vátrygging þar sem iðgjaldagreiðslum er hætt áður en samningstíma er lokið. Í uppgreiddri vátryggingu er tekið af sparnaði til að greiða iðgjald líftryggingar og kostnað við vátrygginguna. Vátryggingin fellur úr gildi þegar sparnaður nægir ekki til greiðslu á líftryggingu og kostnaði. Iðgjaldatrygging gildir ekki í uppgreiddri vátryggingu.

Sjóður: Er safn þeirra fjárfestinga sem byggja á einni skilgreindri fjárfestingar- stefnu.

Einingar: Sjóði er skipt í einingar sem segir til um skiptingu á eignum sjóðsins. Sparnaður: Er verðmæti eininga sem skráðar eru á nafn hins vátryggða í sjóðum félagsins.

Sparnaðariðgjald: Sá hluti iðgjalda Sparnaðarlíftryggingarinnar sem gengur til kaupa á einingum í sjóðum félagsins. Gengi: Er mælikvarði á verðmæti eininga í sjóðum félagsins.

Vátryggður hefur þrjátíu daga frest (iðrunarétt) til að segja vátryggingunni upp eftir að hún tók gildi. Verði vátryggingunni sagt upp innan þess tíma ber vátryggðum að greiða iðgjald fyrir þann tíma sem hann var vátryggður.

1. gr. Iðgjaldagreiðslur

Iðgjöld vátryggingarinnar greiðast með reglubundnum hætti eins og um er getið í vátryggingarskírteininu. Iðgjöld skulu greiðast með þeim hætti sem vátryggingarumsókn kveður á um, nema samið sé um annað fyrirkomulag síðar.

Berist iðgjaldagreiðsla, sem félagið hefur gert kröfu um, ekki innan 30 daga frá gjalddaga samkvæmt greiðslusamkomulagi gilda eftirfarandi ákvæði:

- Ef enginn sparnaður hefur myndast fellur ábyrgð félagsins niður.
- Ef sparnaður hefur myndast breytist vátryggingin í uppgreidda vátryggingu, samkvæmt skilgreiningu.

Samningur um vátrygginguna tekur gildi að nýju þegar iðgjald hefur verið greitt, enda sé hinn vátryggði þá á lífi og ekki liðnir þrjú mánuðir frá fyrsta ógreidda gjalddaga. Skulu þá öll ógreidd iðgjöld vátryggingarinnar greidd.

Fjárhæð iðgjaldagreiðslna kemur fram á vátryggingarskírteininu og árlegum yfirlitum. Fjárhæð iðgjaldagreiðslna breytist einu sinni á ári, 1. janúar, í sama hlutfalli og vísitala.

2. gr. Ráðstöfun iðgjalda

Við útgáfu skírteinis ákveður vátryggður hvernig sparnaðariðgjald hans skiptist milli sjóða félagsins. Vátryggður getur breytt þessari ákvörðun sinni hvenær sem er gagnvart þeim iðgjaldagreiðslum sem gjaldfalla eftir að skrifleg tilkynning um breytingu hefur borist félaginu.

Hafi vátryggður ekki tilkynnt félaginu um það hvernig hann vill ráðstafa sparnaðariðgjaldi sínu er félaginu heimilt að velja sjóði skv. reglum félagsins þar um.

Áður en einingar eru keyptar er kostnaður vegna vátrygginga og rekstrargjalda dreginn frá iðgjöldum samkvæmt fyrirliggjandi gjaldskrá félagsins.

Einingar eru að jafnaði keyptar á gjalddaga og aldrei síðar en innan fimmtán virkra daga frá honum. Berist greiðsla eftir gjalddaga fara einingakaup fram á næsta kaupdegi, en eininga-kaupdagar eru að jafnaði einu sinni í mánuði. Fjöldi keyptra eininga í hverjum sjóði ræðst af gengi þeirra á kaupdegi. Einingar sem tengjast sparnaði og tilgreindar eru á árlegum yfirlitum eru eign sjóða félagsins. Um útborgun sparnaðar gilda ákvæði 4. og 5. gr.

3. gr. Færsla eininga milli sjóða Vátryggður getur hvenær sem er fært einingar úr einum sjóði í annan að uppfylltu skilyrði um lágmarksfjárhæðir. Slík yfirfærsla fer fram á næsta kaupdegi eftir að skrifleg beiðni um það hefur borist félaginu. Réttur þessi gildir ekki um uppgreiddar vátryggingar. Við færslu milli sjóða er gjald tekið af sparnaði hins tryggða, skv. gjaldskrá félagsins.

4. gr. Útborgun sparnaðar

Að liðnum samningstíma og ef vátryggður er á lífi getur hann valið milli eftirfarandi:

a) Fá sparnað sinn greiddan í einu lagi. Sparnaðurinn er jafn verðgildi eininga á greiðsludegi.

b) Framlengja samninginn með áframhaldandi reglubundnum iðgjaldagreiðslum. Samningurinn verður þó ekki framlengdur með líftryggingu lengur en til loka þess vátryggingarárs þegar vátryggður nær 70 ára aldri.

c) Framlengja samninginn, með eða án líftryggingar, án frekari iðgjaldagreiðslna.

5. gr. Dánarbætur

Dánarbætur greiðast út með eingreiðslu til réttihafa líftryggingarfjárhæðarinnar við andlát hins vátryggða, enda sé skírteinið í gildi á dánardegi. Dánarbætur eru sú fjárhæð sem hærrí er á dánardegi; líftryggingarfjárhæðin eða fjárhæð sparnaðar hins vátryggða í sjóðum félagsins. Dánarbætur falla í gjalddaga 14 dögum eftir að nægar sannanir fyrir greiðsluskyldu félagsins hafa borist því, þar á meðal dánarvottorð

frá lækni. Við greiðslu ber að afhenda skírteini vátryggingarinnar áritað af réttihafa.

Verðtryggingarákvæði

Gildandi líftryggingarfjárhæð kemur fram á vátryggingarskírteininu og árlegum yfirlitum. Líftryggingarfjárhæðin breytist einu sinni á ári, 1. janúar, í sama hlutfall og vísitala neysluverðs til verðtryggingar.

Takmarkanir

Svipti vátryggður sig lífi innan árs frá því að líftryggingin síðast öðlaðist gildi takmarkast dánarbætur við verðgildi sparnaðar.

Vátryggingin bætir ekki tjón af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira. Sama gildir um hvers kyns tjón af völdum kjarnorku, jónandi geislunar og geislavirkra efna.

6. gr. Iðgjaldatrygging

Ákvæði þessarar greinar gilda ef Iðgjaldatrygging er hluti Sparnaðarlíftryggingarinnar.

Bótasvið og vátryggingarfjárhæð Félagið greiðir bætur við skerðingu á starfsorku, af völdum sjúkdóms eða slyss, sem varir samfellt lengur en sex mánuði. Réttur til bóta stofnast ef færni hins vátryggða til að afla tekna skerðist um 2/3 eða meira af óskertri starfsorku. Komi til greiðslu bóta skal félagið ráðstafa þeim óskertum til greiðslu iðgjalds Sparnaðar-líftryggingarinnar. Ef vátryggður stundar ekki launuð störf og hefur getið þess á vátryggingarbeiðni eða tilkynnt það félaginu samkvæmt ákvæði um áhættubreytingu öðlast hann bótarétt samkvæmt vátryggingu þessari ef hann er ófær um að sinna fjórum af eftirtöldum verkum hjálparlaust:

- klæðast
- þvo sér og baða
- sjá um matseld

- matast
- annast þrif og þvotta
- annast innkaup

Bótafjárhæðin er jöfn reglubundnum iðgjaldagreiðslum að frádregnu iðgjaldi iðgjaldatryggingarinnar, samkvæmt samningi um Sparnaðarlíftrygginguna. Gildissvæði

Vátryggingin gildir hvar sem er í heiminum. Ef vátryggður dvelst erlendis í meira en þrettán vikur samfellt skal það tilkynnt félaginu sem tekur ákvörðun um hvort og þá með hvaða skilmálum vátryggingin getur gilt áfram.

Áhættubreyting

Iðgjald fyrir vátryggingu þessa er reiknað á grundvelli upplýsinga á vátryggingarbeiðni um starf vátryggða, en starfsheitis er getið á vátryggingarskírteininu. Sérhverja breytingu á starfi er varðar áhættu félagsins, þar með talin starfslok, ber að tilkynna tafarlaust til félagsins. Hefði félagið tekið á sig vátrygginguna, en með öðrum kjörum, reiknast nýtt iðgjald fyrir hana frá og með næsta gjalddaga. Hefði félagið ekki tekið á sig vátrygginguna fellur hún niður frá þeim degi er áhættubreytingin varð. Láti vátryggður hjá líða að gefa slíka tilkynningu nær 121. gr. laga nr. 20/1954 til tilviksins.

Takmörkun á bótaskyldu

Vátryggingin tekur ekki til skerðingar á starfsorku vátryggða, ef hún stafar beint eða óbeint af völdum:

- stríðs, óeirða, upppota eða annarra sambærilegra atburða. Sama gildir um hvers kyns tjón af völdum kjarnorku, jónandi geislunar og geislavirkra efna
- hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sykla og veira
- ryskinga eða þátttöku í refsiverðum verknaði
- ásetnings eða stórkostlegs gáleysis vátryggða

- neyslu lyfja, áfengis eða annarra ávana- eða fíkniefna

- slyss eða sjúkdóms, sem fyrst hafði sýnt einkenni áður en vátryggingin gekk í gildi nema félagið hafi vitað um það við gildistökuna og veitt vátrygginguna þrátt fyrir það

Önnur takmörkun bótaskyldu Vátryggingin tekur ekki til skerðingar á starfsorku sem er afleiðing af þátttöku vátryggða í:

- hnefaleikum, drekaflugi, akstursþróttum, svifflugi, fallhlífarstökki eða teygjustökki
- flugi nema vátryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila, sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda
- fjallaklifri, bjargsigi, froskköfun eða öðru sem sambærileg áhætta fylgir Ráðstafanir vegna heilsutjóns Vátryggður skal leita læknis strax eftir að heilsutjón hefur borið að höndum, samþykka að gangast undir nauðsynlegar lækniáðgerðir og fara í einu og öllu að fyrirmælum læknis. Félagið hefur rétt til að láta ráðgjafalækni sinn skoða vátryggðan. Tilkynna skal félaginu um heilsutjón án tafar eftir að hann leitaði sér fyrst læknis vegna heilsubrestsins.

Félagið hefur hvenær sem er rétt til þess að krefjast allra þeirra vottorða og gagna sem það telur nauðsynlegt til að sannreyna bótaskyldu sína samkvæmt iðgjaldatryggingunni.

Upphaf og lok bótagreiðslna Bótagreiðslur hefjast hafi vátryggður verið óvinnufær vegna heilsutjóns, eins og segir í skilmálum þessum, óslitið, biðtímann sem er sex mánuðir. Biðtími er það tímabil sem á að líða áður en bótagreiðslur hefjast. Hann telst hefjast frá þeim degi er vátryggður leitaði fyrst til læknis vegna heilsutjónsins, þó eigi fyrr en þremur mánuðum áður en félaginu barst tilkynning um heilsutjónið.

Ákvörðun félagsins um lengd bótatímabils er tekin með hliðsjón af heilsufarsskýrslu læknis váttryggða svo og umsögn ráðgjafalæknis félagsins ef þurfa þykir. Að því tímabili loknu verður ákveðið hvort greiðslum skuli haldið áfram.

Ef talið er að váttryggður sé vinnufær, en hann hefur ekki störf að nýju, skal fara fram nýtt mat á skerðingu starfsorkunnar. Slíkt mat miðast fyrst og fremst við að áætla möguleika váttryggða á að snúa aftur til sama starfs og hann hafði áður eða hugsanlega annars starfs. Ef talið er að váttryggður geti ekki snúið aftur til sama starfs, heldur aðeins til annars starfs, mun félagið taka tillit til hins nýja starfs í mati sínu á því hvort bótagreiðslum skuli hætt eða ekki. Við mat á möguleikum váttryggða til að takast á hendur annað starf skal miða við starf sem eðlilegt má telja að hann takist á hendur miðað við aldur hans, menntun og verkunnáttu. Bótagreiðslum er haldið áfram þangað til úr ofangreindu hefur verið skorið, t.d. að lokinni þjálfun til annars starfs. Bótagreiðslum lýkur í síðasta lagi á þeim degi sem skráður er sem lokadagur bótagreiðslna á váttryggingarskírteinið eða ef váttryggður:

- snýr aftur til þess starfs sem hann hafði áður eða til annars starfs og tekst þannig að vinna fyrir meira en þriðjungi af fyrri tekjum
- hefur fengið þjálfun til annars starfs, þar sem honum tekst að vinna fyrir meira en þriðjungi af fyrri tekjum
- deyr áður en bóatíma lýkur eða
- þegar skerðing á starfsorku skv. skilmálum þessum er ekki nægileg og hann snýr ekki aftur til fyrra starfs eða hafnar að undirgangast viðeigandi þjálfun til annars starfs eða nýtur ekki opinbers örorkulífeyris sem samsvarar því að færni hans til að vinna fyrir sér hafi skerst, a.m.k. um tvo þriðju hluta.

Skerðist starfsorka váttryggða á ný vegna sams konar heilsutjóns og áður hafði leitt til greiðslu bóta úr váttryggingu þessari áður en þrettán vikur eru liðnar frá því

að bætur féllu niður vegna sýnilegs bata váttryggða, hefjast bótagreiðslur á ný þegar í stað án tillits til biðtíma.

7. gr. Almenn skilmálaákvæði
Samningur um váttrygginguna er gerður samkvæmt skriflegum upplýsingum sem váttryggingartaki eða váttryggður hafa gefið á sérstöku eyðublaði (váttryggingarbeiðni) ásamt öðrum hugsanlegum yfirlýsingum og gögnum. Gögn þessi eru óaðskiljanlegur hluti samningsins. Félagið áskilur sér rétt til þess að krefjast nýrra gagna, þar á meðal heilsufarsupplýsinga, við breytingar á váttryggingunni.

Gildistími ábyrgðar félagsins Ábyrgð félagsins hefst þegar það hefur mótttekið útfyllta og undirritaða umsókn og aðrar nauðsynlegar upplýsingar og vottorð þannig að unnt sé að gefa út skírteini samkvæmt reglum félagsins um áhættumat. Gildistími váttryggingarinnar er skráður á skírteinið. Ef iðgjaldagreiðslur falla niður gilda ákvæði 1. gr.

Veðsetning

Váttryggingarskírteinið er ekki unnt að veðsetja án undanfarandi samþykkis félagsins.

Útborgun sparnaðar áður en samningstíma lýkur

Váttryggður getur sagt upp samningi um váttrygginguna með mánaðar fyrirvara og fengið sparnað sinn útborgaðan í einu lagi. Þá skal váttryggður afhenda váttryggingarskírteinið og frá sama tíma falla allar skuldbindingar félagsins vegna váttryggingarinnar úr gildi.

Almennir fyrirvarar

Verði verulegar breytingar á forsendum váttryggingarinnar, skilmálum eða iðgjaldagrundvelli, svo sem dánarlíkum, örorkulíkum eða forsendum um gjaldtöku, áskilur félagið sér rétt til að gera nauðsynlegar breytingar. Slíkar breytingar yrðu

lagðar fyrir Fjármálaeftirlitið áður en þær tækju gildi.

Ef félagið telur að á einhverjum tíma ríki þær aðstæður að nauðsynlegt sé vegna heildarhagsmuna váttryggðra, er félaginu heimilt að fresta útborgun sparnaðar samkvæmt 3., 4. og 5. gr. í allt að 12 mánuði.

Rangar upplýsingar

Ef upplýsingar eru rangar þannig að máli skipti getur það haft áhrif á rétt váttryggða og annarra rétthafa til greiðslna úr váttryggingunni.

Pagnarskylda

Farið er með upplýsingar um váttrygginguna sem trúnaðarmál. Óviðkomandi aðilar fá ekki aðgang að slíkum upplýsingum.

Ágreiningur um bætur

Ágreiningi um bótaskyldu má skjóta til Tjónanefnd váttryggingafélaganna. Áfrýja má úrskurði Tjónanefndar til Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um þessar nefndir og starfshætti er að fá hjá félaginu.

Lagaákvæði

Um samning þann sem skilmálar þessir ná til gilda lög um váttryggingasamninga nr. 20/1954, lög um váttrygginga-starfsemi nr. 60/1994 að svo miklu leyti sem ekki er vikið frá þeim í skilmálum þessum. Einnig geta átt við lög um opinber gjöld og skattlagningu.

Málsmeðferð

Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af váttryggingu þessari skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Skilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2004.

Kynntu þér efni váttryggingarsamnings og ákvæði váttryggingaskilmála:

Félagið hvetur þig til þess að kynna þér ákvæði váttryggingarskírteinis þessa auk ákvæða skilmála varðandi greiðslu iðgjalds, takmörkun ábyrgðar, varúðarreglur og fresti til að tilkynna um váttryggingaratburð.

Í persónutryggingum þar sem váttryggður er annar en váttryggingartaki birtast viðkvæmar persónuupplýsingar varðandi váttryggðan einungis á því váttryggingarskírteini sem sent er váttryggðum.

Skilmálar eru aðgengilegir á skrifstofum félagsins eða heimasíðu þess; www.sjova.is.

Nánari upplýsingar um váttrygginguna eða þörf á frekari váttryggingavernd:

Félagið veitir frekari upplýsingar um váttrygginguna en fram koma á skírteini þessu auk ráðgjafar um þörf á váttryggingavernd. Hægt er að hafa samband við félagið í síma 440-2000 eða með fyrirspurnum í tölvupósti á netfangið sjova@sjova.is.

Tilkynningar um tjón:

Hægt er að tilkynna tjón á skrifstofum félagsins sem eru opnar frá kl. 8:30 til 16:30 alla virka daga, í þjónustusíma 440-2000, á heimasíðu félagsins www.sjova.is eða í tölvupósti á netfangið: tjonstilkynningar@sjova.is. Tjónavakt félagsins er opin allan sólarhringinn. Símanúmer tjónavaktar er 800-7112.

Frestur til að tilkynna um tjón og til lögfræðilegra aðgerða:

Tilkynna ber félaginu um tjón án ástæðulauss dráttar, sbr. 3. mgr. 28. gr. og 1. mgr. 92. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga (VSL). Réttur til greiðslu bóta getur fallið niður ef váttryggður tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan eins árs frá því að hann vissi um atvik sem krafan er reist á, sbr. 1. mgr. 51. gr. og 1. mgr. 124. gr. VSL.

Hið sama á við ef félagið hefur hafnað kröfu um bætur. Í slíkum tilvikum getur váttryggður eða sá sem á rétt til bóta glatað þeim rétti ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar máls fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan eins árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 2. mgr. 51. gr. og 2. mgr. 124. gr. VSL.

Meðferð ágreiningsmála:

Félagið tekur ákvörðun um bótaskyldu. Ágreining um bótaskyldu félagsins, þ.m.t. sök og sakarskiptingu skaðabótaskyldra aðila, má leggja fyrir **Tjónanefnd váttryggingarfélaganna**. Meðferð máls hjá nefndinni er aðilum að kostnaðarlausu. Nefndin fjallar ekki um bótafjárhæðir.

Einnig er unnt að leggja ágreining um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, fyrir **Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum**, sem vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu. Hægt er að nálgast eyðublað úrskurðarnefndarinnar á www.sjova.is, á skrifstofum félagsins eða hjá Fjármálaeftirlitinu, Suðurlandsbraut 32, Reykjavík. Sá sem skýtur máli til Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum þarf að greiða málskotsgjald. Falli málið honum í vil, að einhverju eða öllu leyti, fær hann málskotsgjaldið endurgreitt. Málsmeðferð fyrir nefndum þessum skerðir ekki rétt aðila til þess að fara með mál fyrir dómstóla.

Kvörtunum er lúta að þjónustu og málsmeðferð félagsins má vísa til **Neytendapjónustu félagsins** á aðalskrifstofu þess.